

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 17. júní 2020

24. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

 ROLEX	 TUDOR		Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi	
 TAGHeuer	 LONGINES			MICHELSEN 1909
 NOMOS GLASHÜTTE	 TISSOT			

Keypti aflandskrónur af Loomis
Seðlabankinn keypti aflandskrónur fyrir á þriðja milljarð í tvennu lagi í lok apríl, af stærsta eiganda slíkra eigna.

2

Festi kaupir verslun Super1
Festi áformar að reka verslun undir merkjum Krónunnar við Hallveigarstíg í miðbænum. Áður var þar Bónusverslun.

4

Skapa þarf tvö þúsund störf á ári
Aðalhogfræðingur SI segir að fram til 2050 þurfi að skapa 60 þúsund ný störf, til að mæta meðal annars væntri fjölgun fólks á vinnualdri.

8

Farið hefur fé betra
Seðlabankinn hyglaði kerfisbundið erlendum kröfuhöfum á kostnað almennings, segir Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar.

10

Áhættufælni
Fjármagn miðlast ekki samkvæmt bókinni og hefur umfram lausafé banka að miklu verið veitt áfram til ríkissjóðs til útteilingar.

12

Fjárfestar þurfa nú að taka áhættu

Seðlabankastjóri segir fjármálamarkaðinn ekki hafa meðtekið þær breytingar sem fylgja lægri vöxtum. Vonast til að örva hlutabréfamarkaðinn. Heimilin að afnema verðtrygginguna að eigin vali. Hefur áhrif á efnahagsbatann ef Ícelandair fer í þrot. → 6

FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK



Optical Studio Hafnartorgi opið í dag,
17. júní, frá 13 til 17.

20% AFSLÁTTUR AF SÓLGLERAUGUM

Festi kaupir verslun Super1 í miðbænum

Festi, sem er meðal annars eigandi N1 og Krónunnar, hefur fest kaup á matvöruversluninni Super1 að Hallveigarstig í miðbæ Reykjavíkur. Gengið var frá kaupsamningi undir lok síðasta mánaðar, en Festi áformar að starfrækja verslun undir merkjum Krónunnar í húsnæðinu.

Seljandi Super1 er félagið Ísborg verslanir, sem er í eigu Sigurðar Pálma Sigurbjörnssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Sports Direct á Íslandi. Hann eignaðist húsnæðið þegar hann keypti þrjár Bónusverslanir á höfuðborgarsvæðinu af Högum í árslok 2018, en salan á þeim var á meðal fjölmargra skilyrða Samkeppniseftirlitsins sem Hagar samþykktu að undirgangast í tengslum við kaup félagsins á Olís. Auk kaupa á versluninni við Hallveigarsteig keypti Sigurður Pálmi verslanir Bónuss á Smíðjuvegi og í Faxafeni og hóf rekstur þar undir merkjum Super1. Báðum þeim verslunum var lokað í fyrra.

Fram kemur í samrunaskrá til Samkeppniseftirlitsins vegna kaupanna að velta verslun Super1 hafi verið yfir 200 milljónir á ársgrundvelli frá að hún var opnuð í ársbyrjun 2019. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að ljóst sé að fjárhagsleg staða Ísborgar, sem heldur utan um rekstur verslunarinnar, sé slæm og fyrirsjáanlegt sé að fyrirtækið geti ekki viðhaldið rekstrinum til lengri tíma. Því sé hætt á því að samkeppni á dagvörumarkaði í næsta nágrenni verslunarinnar verði fyrir að minnsta kosti tímabundnum skaða, verði ekki veitt undanþága frá ákvæði samkeppnislaga, sem bannar framkvæmd samruna á meðan eftirlitið fjallar um hann.

Kaupverðið er trúnaðarmál en Festi tekur yfir leigusamning

200

milljónir, var velta verslunar Super1 á ársgrundvelli frá opnun.

félagsins og samninga við starfsfólk. Kaup Festar á verslun Super1 eru gerð í gegnum dótturfélagið Festi fasteignir og átta sér skamman aðdraganda, en eru sögð skapa Festi tækifæri til að efla starfsemi Krónunnar og styrkja stöðu félagsins á höfuðborgarsvæðinu, en verslanakeðjan er aðeins með eina verslun í Vesturbæ Reykjavíkur og enga í miðbænum. Festi mun greiða fyrir verslun Super1 með fasteign að Laugavegi 116, sem nú hýsir verslun 10-11 og mun Ísborg yfirtaka leigusamning sem fylgir þeirri eign.

Óháður kunnáttumaður og Samkeppniseftirlitið hafa lagt mat á Festi og talið félagið hæfan kaupanda í skilningi sáttarinnar milli Ísborgar og eftirlitsins frá nóvember 2018.

Samkeppniseftirlitið segir hins vegar að það sé ljóst að innkoma nýs aðila á dagvörumarkað, á grundvelli þeirra skilyrða sem sett voru með sátt Haga vegna kaupanna á Olís, hafi ekki gengið sem skyldi. „Samkeppniseftirlitið mun taka til nánari skoðunar hvaða lærdóm megi draga af þessu. Jafnframt mun eftirlitið stuðla að því að umrædd skilyrði nái þrátt fyrir þetta þeim tilgangi sínum að efla og verja umrædda samkeppni.“ – hae

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsbordinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5050 eða sendu tölvupóst á orn@frettabladid.is.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS



Gengi krónunnar hefur styrkst um liðlega fimm prósent frá því í byrjun maí. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Keypti aflandskrónur fyrir á þriðja milljarð

Seðlabankinn keypti aflandskrónur í tvennu lagi í lok apríl af Loomis Sayles, stærsta eiganda slíkra krónueigna. Á þeim tíma var þrýstingur á gengið, meðal annars vegna þess að aflandskrónur voru að leita úr landi.

Seðlabanki Íslands átti í viðskiptum um kaup á aflandskrónum undir lok aprilmánaðar fyrir jafnvirði á þriðja milljarðs króna, en á þeim tíma hafði talsvert af slíkum kvikum krónueignum verið að leita úr landi í gegnum gjaldeyrismarkaðinn og sett þrýsting á gengi krónunnar. Samkvæmt heimildum Markaðarins keypti Seðlabankinn aflandskrónurnar af bandaríska sjóðastýringarfyrirtækinu Loomis Sayles, sem á um helming allra aflandskrónueigna, en kaupin voru gerð í gegnum viðskiptavaka á gjaldeyrismarkaði.

Asgeir Jónsson seðlabankastjóri segir rétt að eitthvað af þessum aflandskrónum, sem nema í dag samtals um 50 milljörðum króna, hafi farið að hreyfast eftir að kórónaveirufaraldurinn brast á í marsmánuði.

„Í samræmi við fyrri yfirlýsingu Seðlabankans höfum við komið í veg fyrir að sú þróun hafi haldið áfram, með því að eiga nýlega í beinum viðskiptum um kaup á aflandskrónum. Þannig höfum við tryggt að þær eignir leiti ekki úr landi og raski stöðugleika á gjaldeyrismarkaði,“ útskýrir Asgeir. Hann segist ekki geta tjáð sig um hver hafi verið að losa um aflands-

50

milljarðar voru umfang aflandskrónueigna í lok maí.

krónur sínar, en segir að um hafi verið að ræða „stóran eiganda aflandskrónueigna“.

Á þeim tíma þegar kaupin fóru fram undir lok apríl, en um var að ræða tvö aðskilin skipti, hafði gengi krónunnar veikt umtalsvert og var sem dæmi á bilinu 158 til 160 krónur gagnvart evru. Samkvæmt heimildum Markaðarins fóru kaupin á aflandskrónunum fram á markaðsgengi þess tíma. Gengi krónunnar hefur síðan styrkst nokkuð á undanförunum vikum – um 5 prósent frá því í byrjun maí – og stendur krónan nú í 152 gagnvart evrunni.

Umfang aflandskrónueigna hefur farið minnkandi á síðustu mánuðum og misserum, en í lok september í fyrra nam fjárhæð þeirra um 62 milljörðum króna. Aflandskrónueignir samanstanda að mestu, eða sem nemur 38 milljörðum, af innlánnum og innstæðubréfum Seðla-

bankans, en aðrar eignir eru meðal annars ríkisbréf, ríkisvixlar og önnur verðbréf.

Í árslok 2018 var eigendum aflandskróna heimilað að skipta þeim í gjaldeyri og flytja úr landi. Seðlabankinn hefur hins vegar sagt í yfirlýsingu sínum að hann muni tryggja að ekki skapist ójafnvægi á gjaldeyrismarkaði vegna gjaldeyrísúttæðis slíkra eigna.

Heildarumfang aflandskrónueigna, sem námu um 40 prósentum af landsframleiðslu í árslok 2008, minnkaði verulega vegna aðgerða sem stjórnvöld hafa gripið til, meðal annars með fjárfestingarleið Seðlabankans 2012 til 2015 og gjaldeyrísúttæði fyrir aflandskrónueigendur í júní 2016. Þá minnkaði aflandskrónustabbinn um 100 milljarða króna í mars 2017, þegar Seðlabankinn náði samkomulagi við hóp aflandskrónueigenda um að kaupa krónueignir þeirra á genginu 137,5 gagnvart evru.

Loomis Sayles hafnaði hins vegar tilboði Seðlabankans á þeim tíma, rétt eins og sjóðir fyrirtækisins gerðu þegar þeir tóku ekki þátt í aflandskrónuúttæði bankans, þar sem eigendum slíkra krónueigna bauðst að selja þær á genginu 190 krónur fyrir hverja evru.

hordur@frettabladid.is

Sala á lúxusíbúðum við Hafnartorg er meiri en hálf árið á undan

Sala á íbúðum á Hafnartorgi var meiri á undanförunum vikum en síðasta hálf árið á undan. Þetta staðfestir Þorvaldur Gissurarson, forstjóri ÞG Verk, við Markaðinn.

„Það er rétt að við höfum verið að selja íbúðir á Hafnartorgi. Það hefur líka verið góð sala hjá okkur í Vínatræti í Urriðaholti og Skektuvogur í Vogabyggð fer ágætlega af stað. Heilt yfir hefur verið nokkuð góð sala síðustu vikur.“

Við teljum að það stafi annars vegar af minni óvissu og aukinni bjartsynni nú þegar faraldurinn virðist að mestu genginn yfir. Hins

41

íbúð er ÞG búíð að selja af þeim 70 sem voru settar á sölu samkvæmt söluvef.

vegar eru það vaxtalækanirnar og hagstæð íbúðalán sem nú bjóðast og hafa jákvæð áhrif á markaðinn,“ segir hann.

Á Hafnartorginu er ÞG Verk með

samanlagt 70 íbúðir í fimm byggingum. Samkvæmt upplýsingum á söluvef fyrirtækisins hefur 41 íbúð nú verið seld. Í samtali við Markaðinn í fyrra sagði Þorvaldur að verkefnið hefði í heild kostað 13 til 14 milljarða. Um það bil helmingur fjárhæðarinnar væri lánsfé frá Landsbankanum.

Pálmar Harðarson, eigandi Þingvangs sem byggt hefur nýjar íbúðir við Laugaveg og Hverfisgötu, segir að salan hafi verið frekar röleg en þó einhver. Einnig hafi fyrirtækið verið að leigja íbúðir og þær haldi áfram í sölu, einkum til fjárfesta. – hvj




LG

Business Solutions

Slepptu í myndunaraflinu lausu með hágæða LG OLED upplýsingaskjám

LG býður upp á upplýsingaskjá í hæsta gæðaflokki sem koma fyrirtækinu þínu á næsta stig.

Djúpur svartur og fullkomnir litir, skýr mynd frá öllum sjónarhornum, örþunnur og rammalaus skjár sem má raða, beygja og stilla upp á ótal vegu. LG OLED upplýsingaskjáir eru tilvaldir til að fanga athygli og vekja aðdáun viðskiptavina. Framtíðin í upplýsingaskjám er komin. Hafðu samband og kynntu þér málið.



Concave



Convex



Wave



Circular



Tunnel

LG OLED



SUPERSIGN™



NÁNARI UPPLÝSINGAR HJÁ SÖLUFULLTRÚUM FYRIRTÆKJASVIÐS
SÍMI 414 1710 OG Á NETFANGIÐ SALA@TL.IS

TÖLVU
LISTINN

FYRIRTÆKJAPJÓNUSTA



Ólafur Ragnar Grímsson.

Hefðum orðið gjaldþrota eins og Nýfundnaland

Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands, telur að farið hefði fyrir Íslandi eins og Nýfundnalandi og landið orðið gjaldþrota ef ekki hefði tekist að færa landhelgina í áföngum út í 200 mílur og fá yfirráð yfir landhelginni og fiskimiðunum. Þetta kemur fram í viðtali Jóns G. Hauksónar við Ólaf Ragnar en þáttur Jóns verður á dagskrá Hringbrautar í kvöld, 17. júní.

» Ólafur Ragnar Grímsson segir að það séu forréttindi að vera Íslendingur og að við búum í lúxushorni heimsins.

Ólafur Ragnar segir í viðtalinu að það séu forréttindi að vera Íslendingur – þótt okkur finnst það nú ef til vill ekki í orðræðu dagsins – og að við búum í lúxushorni heimsins.

Þeir Jón G. og Ólafur ræða nokkra hornsteina í efnahags sögu lýðveldisins sem reyndust undirstaðan í hagvexti og efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.

„Ég hef kallað útfærslu landhelginnar og þann sigur sem þar vannst í þremur þorskastríðum við Breta; raunar þessa sögu alla, sjálfstæðisbaráttuna síðari. Ef okkur hefði ekki tekist að færa landhelgina út og fá yfirráð yfir fiskimiðunum hefðum við ekki getað þróað nútímasamfélag á Íslandi. Þetta er mikið sagt; en ef við hefðum ekki náð þessum yfirráðum er mjög líklegt að fyrir Íslandi hefði farið eins og Nýfundnalandi og landið orðið gjaldþrota.“

Ólafur segir enn fremur í viðtalinu: „Þegar Ólafur Thors mælti fyrir útfærslu landhelginnar í 4 mílur árið 1952 sagði hann réttlæga að annaðhvort tækist þetta eða lýðveldinu væri stefnt í alvarlega hættu. Því að þegar Ísland varð lýðveldi 17. júní 1944 var það í fyrsta skipti í sögunni sem svo fámenn þjóð varð sjálfstætt ríki. Flestir sérfræðingar á þessum tíma töldu að stofnun lýðveldisins væri nánast vonlaust dæmi; bæði pólitískt og efnahagslega, að svo fámenn samfélag, sem þar að auki byggði í mjög stórt og harðbýlu landi, myndi virt hafa það af sem sjálfstætt ríki. En núna 76 árum síðar erum við í fremstu röð í veröldinni á nánast öllum alþjóðlegum mælikvörðum sem notaðir eru yfir velmegun og lífskjör.“

Skapa þarf um 60 þúsund ný störf fram til ársins 2050

Það eru tvö þúsund störf á ári. Aðalhafgræðingur Samtaka iðnaðarins segir verkefnið ekki óyfirstiganlegt. Störfum hafi á undanförunum þremur áratugum fjölgað um sextíu og sjö þúsund. Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir að framundan sé lítill hagvöxtur verði ekkert að gert. Virkja þurfi hugmyndir.

Helgi Vífill
Júliússon
helgivifill@frettabladid.is



Þegar horft er til ársins 2050 er viðbúið að hér á landi þurfi að skapa 60 þúsund ný störf til að mæta væntri fjölgun fólks á vinnubærum aldri og til að vinna ofan af því atvinnuleysi sem er á íslenskum vinnumarkaði. Þetta eru tvö þúsund störf á hverju ári. Þetta segir Ingólfur Bender, aðalhafgræðingur Samtaka iðnaðarins, í grein í Tímariti samtakanna um nýsköpun, sem birtist í dag.

Verkefnið er „á engan hátt óyfirstiganlegt“, segir hann og nefnir að á undanförunum þremur áratugum hafi fjöldi starfandi hérlendis aukist um 67 þúsund og hagvöxtur hafi að jafnaði verið 2,7 prósent. „Ljóst er að menntun, nýsköpun, starfsumhverfi og innviðir munu leika lykilhlutverk í því hversu vel tekst til í þessari þróun“, segir Ingólfur.

Litill hagvöxtur fram undan

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að fram undan sé tímabil litils hagvaxtar verði ekkert að gert. „Auðlindir landsins munu áfram verða uppspretta verðmætasköpunar, eins og verið hefur um aldir, en vöxturinn þarf að koma með því að virkja hugmyndaauðgi landsmanna sem eru engin takmörk sett. Þess vegna er nýsköpun ekki ein af leiðunum fram á við, heldur eina leiðin“, segir hann í grein í sama tímariti.

Arni Sigurjónsson, formaður Samtaka iðnaðarins, segir í tímaritinu að hækkun á hlutfalli og hámarksfjárhæð endurgreiðslu rannsókn- og þróunarkostnaðar, hækkun skattaafsláttar til einstaklinga vegna fjárfestinga í sprotafyrirtækjum og auknar heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í sjóðum sem fjárfesta eingöngu í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, séu merki um skýran vilja stjórnvalda til að bæta samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Sigurður segir að hér á landi hafi orðið stórstígur framfarir á ytri umgjörð nýsköpunar undanfarinn áratug eða svo. „Halda þarf áfram að þeirri braut, enda er hugvitið án landamæra og mikil samkeppni ríkir milli landa um það hvar þá er virkjað í þágu verðmætasköpunar og nýrra starfa. Þessir stórauknu hvatar til nýsköpunar geta skilað því að hér verði til þrjú til fimm



Sigurður segir að stórstígur framfarir hafi orðið í umgjörð nýsköpunar undanfarinn áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Bankar knýi vöxt öflugra nýsköpunarfyrirtækja

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að bankar og þolinmóðir fjárfestar gegni veigamiklu hlutverki við vöxt fyrirtækja. „Bankar studdu vel við vöxt fyrirtækja á borð við Marel og Össur og eiga sinn þátt í því að þau og fleiri nýsköpunarfyrirtæki hafa náð langt. Bankarnir voru hluthafar, lánveitendur og veittu ráðgjöf við ytri vöxt fyrirtækjanna á sínum tíma. Þannig tóku þessi fyrirtæki yfir önnur og jafnvel

stærri erlend fyrirtæki og urðu með tímanum að þeim alþjóðlegu störfyrirtækjum á sínu sviði sem raun ber vitni. Síðastliðinn áratug hefur þróunin verið önnur. Frambærileg fyrirtæki hafa verið keypt af erlendum fjárfestum og starfsemin gjarnan flust út. Á næsta áratug sjá bankarnir vonandi tækifæri í því að knýja vöxt fyrirtækja þannig að úr nýsköpun verði til nokkur öflug nýsköpunarfyrirtæki á áratug hér á landi“, segir hann.

fyrirtæki á borð við Marel, Össur og CCP á hverjum áratug, í stað eins eða einskis. Þannig er hugvitið virkjað á markvissan hátt til að skapa enn frekari verðmæti og störf sem leggja grunn að auknum lífsgæðum landsmanna og meiri stöðugleika í efnahagslífinu til langrar framtíðar“, segir hann.

Mikið atvinnuleysi

Ingólfur segir að reikna megi með að 140 þúsund manns bætist við vinnuaflið hér á landi til ársins 2050. Um sé að ræða nýjar kynslóðir og innflutt vinnuafli. Á sama tíma munu um 95 þúsund fara af vinnumarkaði, aðallega vegna öldrunar. Munurinn sé 45 þúsund og er það

sá fjöldi starfa sem fjölga þurfi á vinnumarkaði á þessum tíma.

„Reiknað er með því að atvinnuleysi verði að jafnaði um 10 prósent í ár, sem telst mjög mikið. Markmiðið ætti að vera undir 3 prósentum, en það merkir að skapa þarf 15 þúsund störf til viðbótar við þau 45 þúsund sem hér eru nefnd að framan“, segir hann.

Til að skapa fjölda vel launaðra starfa til lengri tíma þarf, að hans sögn, öflugan og sjálfbæran langtímahagvöxt. Með sjálfbærum hagvexti er átt við þróun sem matir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum.

„Almennt er talað um að sjálfbær

Ljóst er að menntun, nýsköpun, starfsumhverfi og innviðir munu leika lykilhlutverk í því hversu vel tekst til í þessari þróun.

Ingólfur Bender, aðalhafgræðingur Samtaka iðnaðarins



hagvöxtur litið til lengri tíma liggi á bilinu 2–3 prósent á ári. Það virðist ekki vera ýkja há tala en safnast þegar saman kemur. Ef reiknað er með því að hagvöxtur verði að jafnaði 2,5 prósent á ári fram til ársins 2050 mun landsframléiðslan aukast um 110 prósent á tímabilinu“, segir Ingólfur.

Hagvöxtur munar miklu

Að sama skapi skiptir miklu að aðstæður séu þannig að hagvöxturinn verði í efri mörkum þessa bils, en ekki neðri. „Ef hagvöxtur verður 3 prósent fram til ársins 2050 verður landsframléiðslan þá ríflega þriðjungu meiri en ef hagvöxturinn yrði 2 prósent á tímabilinu“, segir hann.

Dæmi um óeðlileg áhrif hluthafa á tillögur tilnefningarnefnda

Dæmi eru um að einstakir hluthafar skráðra félaga hafi haft áhrif á tillögur tilnefningarnefnda án þess að aðrir hluthafar hafi fengið upplýsingar um það. Þannig hefur skapast grundvöllur fyrir óeðlilegt samráð, að sögn Svanhildar Nönnu Vigfúsdóttur, fjárfestis og fyrrverandi stjórnarformanns VÍS.

„Aðgangur og háttsemi hluthafa við nefndarmenn tilnefningarnefnda getur verið mjög mismunandi og það getur leitt til þess að einstakir hluthafar hafi óeðlileg áhrif á tillögu nefndanna“, segir Svanhildur Nanna, í samtali við Fréttablaðið.

Fjallað var um tilnefningarnefndir í Markaðinum í síðustu viku. Lífeyrissjódir sögðu reynsluna af tilnefningarnefndum almennt góða en sumir viðmælendur sögðu enn vankanta á fyrirkomulaginu. Tilnefningarnefndir hefðu lagt of mikla áherslu á sérfræðipækkingu umfram stjórnunarreynslu. Nefndirnar hafa það hlutverk að tilnefna frambjóðendur, sem hafa þekkingu og reynslu til þess að sinna skyldum sínum, í stjórnir félaga, með heildarhagsmunum allra hluthafa í huga.

Svanhildur Nanna segir að þetta sé ekki sýn allra. Sumir telji að tilnefningarnefnd eigi að starfa eins og



Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir.

uppstillingarnefnd hjá stjórnmalaflokkum og tilnefningar eigi þannig að endurspeglja þann hóp sem líklegast sé að hluthafar vilji kjósa.

„Mismunandi sýn hluthafa á hlutverk tilnefningarnefnda er að mínu mati helsta ástæða þess að nefndirnar hafa starfað með mismunandi hætti“, segir Svanhildur

Nanna og bendir á að fagfjárfestar hafi margir sett í starfsreglur sínar að kjósa með tillögu tilnefningarnefndar nema eitthvað sérstakt komi til. Þessu fylgi kostir og gallar.

„Starfi tilnefningarnefndir með sjálfstæðum hætti og leggi fram sínar tillögur óháð skodunum einstakra hluthafa þá getur það verið jákvætt að stórir fagfjárfestar treysti þessum aðilum og fylgi tillögu þeirra. Séu störf nefndanna aftur með þeim hætti að einstakir hluthafar geti í krafti stærðar sinnar haft áhrif á tillögu nefndanna án þess að allir hluthafar hafi upplýsingar um það þá er kominn grundvöllur fyrir

óeðlilegu samráði ákveðinna hluthafa og/eða stjórnenda. Ég hef orðið vitni að hvoru tveggja.“

Heppilegra sé að leyfa lýðræðislegum rétti hluthafa að ráða vali á stjórnarmönnum. Hún segir að tilnefningarnefndum fylgi mikill kostnaður og ekki sé ljóst hvernig val fámennra tilnefningarnefnda skili betri niðurstöðu um samsetningu stjórnar en val hluthafa.

„Flestir sem tala fyrir öðru eru ekki hluthafar heldur hafa aðra hagsmuni eins og til dæmis að sitja í tilnefningarnefnd eða sem hagsmunalausir stjórnarmenn í félögum“, segir Svanhildur. – tft

MÁLUM ALLT SEM SKIPTIR MÁLI

ÖLL ALLMENN MÁLNINGARVINNA ÚTI OG INNI

BJÖRGVIN HALLGRÍMSSON
MÁLARAMEISTARI
SÍMI: 844 9188



FÖST
VERÐTILBOÐ

MARGRA ÁRA
REYNSLA

NÁKVEMAR
VERKLÝSINGAR

RAFRÆN
TILBOÐ OG
SAMNINGAR

FAGMENNSKA

HJÓL
ATVINNULÍFSINS



Hjól atvinnulífsins ehf. – alhliða verktaka
Borgartúni 3
105 Reykjavík
Símar: 8446829 / 6624514
Netfang: hjolatvinnulifsins@gmail.com



Group muni lifa af eða ekki, enda þótt áhrifin á hagvöxt þessa árs verði mögulega ekki veruleg. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

Bankarnir veita auðvitað ekki lán sem þeir hafa trú á að þeir muni tapa. Það er engin samfélagsleg ábyrgð fólgin í því.

en það er ljóst að efnahagslegar forsendur samninganna hafa nokkurn veginn allar gengið eftir. Það er sjaldgæft með kjarasamninga. Okkur hefur tekist að vernda kaupmátt heimilanna og verðlag hefur haldist stöðugt. Næsta skref er að tryggja að atvinnulífið geti tekið við sér og farið að skapa ný störf.“

Verðtryggingin deyi út

Seðlabankinn spáir rúmlega 9 prósentu atvinnuleysi í ár. Öttast þú að við kunnum að festast í háu langtímaatvinnuleysi?

„Sú hætta er fyrir hendi. Við skulum muna að það er valkvöð á milli verðbólgu og atvinnuleysis. Ég sé að minnsta kosti ekki hvernig aðrir kjarasamningar geta komið í stað lífskjarasamningsins í þessu mikla atvinnuleysi. Ójafnvægið getur komið fram með mismunandi hætti. Þegar það ríkti ódaverðbólga á árunum 1972 til 1990, þá mældist atvinnuleysi sjaldnast yfir einu prósentu. Atvinnuleysinu var haldið niðri með stöðugri verðbólgu sem át alltaf upp kaupmáttinn eftir að

samið hafði verið um tugprósenta nafnlaunahækkanir.“

Eiga þessi sömu lögmál enn við í dag?

„Vitaskuld. Það er ekki hægt að viðhalda verðstöðugleika nema það sé sömuleiðis stöðugleiki á vinnu- markaði. Þetta helst í hendur. Ef okkur farnast að komast í gegnum þetta áfall án þess að raska þessum stöðugleika, þá held ég að við séum að fara að sjá ýmsar jákvæðar breytingar, s.s. lægri vexti til framtíðar.“

Heimilin hafa á undanförunum misserum í stórum stíl verið að færa sig yfir í óverðtryggð lán. Finnst þér raunhæft að þau muni því alfarið segja skilið við verðtrygginguna?

„Verðtryggingin var upphaflega sett á vegna þess að við réðum ekki við verðbólgunu. Núna eru tímarnir breyttir. Í fyrsta sinn er það raunverulegur valkostur fyrir heimilin að skipta yfir í nafnvexti og þannig afnema verðtrygginguna að eigin frumkvæði af sínum lánnum. Þetta eru mikil tímamót og fela í sér að verðtryggingin mun deyi út.“

Það ætti að hjálpa Seðlabankanum við að bæta miðlun peningastefunnar?

„Það mun breyta mjög miklu ef almenningur fer yfir í breytilega, óverðtryggða vexti. Það þýðir að okkar vaxtabreytingar munu bíta mjög fast, en um leið fylgir því mikil ábyrgð fyrir Seðlabankann. Breytilegir vextir óverðtryggðra lána eru ekki alveg hættulausir. Þeir hvatar sem hafa verið innbyggðir í verðtryggðu lánunum eru hins vegar að mörgu leyti óheppilegir og skapa þá hættu að höfuðstóll þeirra getur stökkbreyst við verðbólgu skot.

Þegar fólk er komið í umhverfi breytilegra nafnvaxta mun það án efa fylgjast mun betur með öllum vaxtabreytingum Seðlabankans – og greiða lánin hraðar niður.“

Viðskiptabankarnir, sem fjármagna nánast allt atvinnulífið, gegna augljóslega lykilhlutverki fyrir viðspyrnu efnahagslífsins. Þeir hafa verið gagnrýndir fyrir að hafa ekki skilað vaxtalækkunum að fullu til sinna viðskiptavina og vísa þá til þess að það sé takmörkunum háð hvað þeir geti gengið á vaxtamuninn. Hefðirðu viljað sjá þá gera betur hvað þetta varðar?

„Já, að sumu leyti. Við höfum séð það af reynslunni erlendis að lágvaxtaumhverfi, eins og við erum núna að upplifa á Íslandi, er almennt erfitt fyrir rekstur banka. Aðstæður hér á landi eru öðruvísi en á hinum Norðurlöndunum þar sem bankarnir lána lítið til heimila og fyrirtækja sækja að stórum hluta fjármögnun sína á skuldabréfamarkaði. Íslensku bankarnir eru fyrst og fremst fyrirtækjabankar. Vaxtalækkanir Seðlabankans hafa skilað sér tiltölulega vel til heimila í formi bættara kjara á íbúðalánnum ég vildi gjarnan sjá lækkun vaxta skila sér einnig til fyrirtækja, sérstaklega til þeirra sem eru ekki í vandræðum og hyggja á nýjar fjárfestingar.“

Ég geri ekki ráð fyrir því að erlend ferðaþjónusta muni skila miklu í hagkerfið á þessu ári og því þurfum við að örva innlenda eftirspurn. Við vitum enn ekki almennilega hver áhrifin af eins prósentu vöxtum verða, og að hve miklu marki þeir munu örva hagkerfið á komandi misserum. Ef það gengur ekki eftir

– þurfum við mögulega að gera enn betur. Ólíkt flestum öðrum vestur-rænum seðlabönkum höfum við enn ekki gripið til ýmissa óhefðbundinna aðgerða, en við gætum gert það ef hagkerfið stendur á sér.“

Mun ekki standa á bankanum

Með margvislegum aðgerðum sem Seðlabankinn og ríkið hafa ráðist í, meðal annars lækkun á bindiskyldu, bankaskatti og sveiflujöfnunarauka, hefur útlánageta bankanna verið aukin um mörg hundruð milljarða. Nú hafa komið fram tillögur um að reglur um veðlávaviðskipti verði rýmkaðar til muna, þannig að þeir geti átt í lánaviðskiptum við bankann til þriggja ára með sértryggð fasteignaskulda-bref að veði.

Bankarnir halda því fram að með þeim hætti gætu þeir miðlað því gríðarmikla lausafé sem þeir sitja nú á, áfram til heimila, og ekki hvað síst fyrirtækja, á enn lægri vöxtum en nú. Það muni aftur styðja verulega við viðspyrnuna. Hver er afstaða Seðlabankans til slíkra aðgerða?

„Þetta er eitthvað sem við munum ekki gera á þessari stundu. Við höfum lagt áherslu að skapa forsendur til þess að örva útlán til fyrirtækja frekar en heimila. Við vitum að bankarnir hafa nægt laust fé og þeir hafa gríðarlega útlána-getu. Sumar þær ráðstafanir sem við höfum kynnt, eins og síðast með að hætta að bjóða upp á 30 daga bundin innlán, munu mögulega hafa meiri áhrif en vaxtalækkunin sem slík og munu þrýsta á bankana að lána. Við þurfum að sjá hver

Ég held að gengi krónunnar sé á góðum stað núna.

áhrif þessara aðgerða muni verða áður en við stígum næstu skref. Það mun hins vegar ekki standa á Seðlabankanum að nýta öll þau úrræði sem hann hefur til að tryggja stöðugleika og örva hagkerfið – ef á þarf að halda.“

Þið hafi skikkað bankana til að fresta öllum arðgreiðslum og hætta kaupum á eigin bréfum. Hver er samfélagsleg ábyrgð bankanna í þessum aðstæðum? Eiga þeir að vikja frá arðsemisjónarmiðum og horfa til breiðari hagsmuna hagkerfisins?

„Við töldum það hluta af samfélagslegri ábyrgð bankanna, sem eru að tveimur þriðju hluta í eigu ríkisins, að hætta við arðgreiðslur í ár. Það væri óvarkárni. Okkar krafa til bankanna er að þeir miðli peningastefnu okkar áfram – og láni til fyrirtækja. Bankarnir eru samt sem áður sjálfstæð fyrirtæki og þeir veita auðvitað ekki lán sem þeir hafa trú á að þeir muni tapa. Það er engin samfélagsleg ábyrgð fólgin í því.“

Í þessu óvissuástandi munu bankarnir þurfa að búa við lága arðsemi í mögulega tvö ár eða svo. Það er sett á herðar þeirra að endurskipuleggja skuldir ferðaþjónustunnar og til þess hafa þeir fengið ný úrræði í samvinnu við stjórnvöld með brúarlánnum og stuðningslánnum til fyrirtækja í rekstrarvanda. Þetta verður erfiður tími og fram undan er tími hagræðingar og endurskipulagningar fyrir ferðaþjónustuna. En við vonum að lægri vextir og örvun innlendrar eftirspurnar verði til þess að þessi vandræði breiðist ekki út til annarra greina, eins og byggingageirans og almenns atvinnulífs. Þess vegna skiptir svo miklu máli að örva innlenda eftirspurn til að koma í veg fyrir slíka atburðarás. Niðursveiflur eru gjarnan tími skapandi eyðileggingar og hagkerfi geta þá tekið miklum breytingum, eins og við sáum gerast hér á landi eftir fjármálahrunið. Mögulega getur slíkt hið sama gerst núna.

Samfélagsleg ábyrgð bankanna er því í raun að hafa nægjanlega mikla þolinmæði með lífvænlegum fyrirtækjum, þannig að við séum ekki að éta útsæðið og ganga of hart að þeim, þannig að þau geti þraukað í gegnum þessa tímabundnu erfiðleika.“

Skaðinn skeður

Eitt af þessum fyrirtækjum sem er í miklum erfiðleikum er Icelandair, en félagið áformar að ráðast í hluta-fjárútböð síðar í þessum mánuði, til að forða sér frá greiðsluþroti. Fylgist Seðlabankinn vel með stöðu Icelandair og er hann, ásamt stjórnvöldum, tilbúinn með plan B ef illa fer?

„Við fylgjumst mjög vel með stöðunni, en Seðlabankinn mun ekki hafa aðkomu að því að lána til félagsins ef á þarf að halda. Ef Icelandair hefði verið á bjargbrúninni fyrir um ári síðan, hefði Seðlabankinn án efa verið tilbúinn með viðlagaáætlun vegna þeirra afleiðinga sem það hefði fyrir hagkerfið. En núna má segja að skaðinn sé í reynd skeður, þar sem erlend ferðaþjónusta liggur nánast öll niðri.“

Icelandair skiptir augljóslega miklu máli fyrir ferðaþjónustuna og endurreisn hennar. Það mun því hafa töluverð áhrif fyrir efnahagsbatann hvort félagið lifir af eða ekki, enda þótt áhrifin á hagvöxt þessa árs verði mögulega ekki veruleg. Það er alveg ljóst að það mun taka lengri tíma að byggja upp flugsamgöngur til og frá landinu á nýjan leik ef Icelandair hverfur af sjónarsviðinu.“

Farið hefur fé betra



Heiðar Guðmundsson
forstjóri Sýnar

Nú hefur fyrrverandi seðlabankastjóri, Már Guðmundsson, í tvígang skrifað greinar í Markaðinn um mikilvægi sitt við lausn á þeim bráða gjaldeyrisvanda sem ríkti á Íslandi eftir bankahrunið. Það gerist eftir að bók Sigurðar Más Jónssonar, *Afnám haftanna – samningar aldarinnar?*, kom út.

Már lætur sem staðan hafi batnað af sjálfu sér

Óvissan í efnahagslífinu var mikil eftir hrun. Þar voru greiningar og áætlanir Seðlabankans ekki sá vegvisir sem þurfti heldur, því miður, oft þvert á móti. Már byrjar á því að rifja upp það sem gerðist á fyrsta ársfjórðungi 2012 þegar lögum var breytt á Alþingi um útgreiðslur til kröfuhafa þrotabúanna. Hann sleppir alveg að minnast á afglöp Seðlabankans í kringum ritið *Hvað skuldar þjóðin* sem sérstaklega var gefið út þegar kosningar um Ice-Save stóðu yfir. Þar var því ranglega haldið fram að skuldastaða þjóðarinnar væri innan við helmingur af því sem raunin var. Seðlabankinn hafði, alla tíð frá bankahruni fram til afnáms hafta, vanmetið stórkostlega skuldir Íslands erlendis. Ef farið hefði verið að ráðum bankans hefði gjaldeyris landsins flætt út til erlendra kröfuhafa og þegar landsins hefðu setið eftir innan hafta án gjaldeyris. Seðlabankinn hyglaði þannig kerfisbundið erlendum kröfuhöfum á kostnað íslensks almennings með ráðleggingum sínum. Það er nokkuð sem Már þarf að svara fyrir.

Það voru aðilar utan bankans og stjórnkerfisins sem áttuðu sig á stöðunni langt á undan Seðlabankanum. Ég var einn þeirra og skrifaði fjölda greina á árunum 2008-2016 um bráðan gjaldeyrisvanda þjóðarinnar, afléttingu hafta, og að ekki væri hægt að láta Íslendinga mæta afgangi þegar skipta ætti þeim takmarkaða gjaldeyri sem í landinu var, þar ættu allir að sitja við sama borð. Már gaf sér hins vegar tíma á fyrsta ársfjórðungi ársins 2012 til að stefna Seðlabankanum, vinnuveitanda sínum, því hann taldi sig hafa verið hlunfarið í launum og reyndi síðar að láta Seðlabankann greiða málskostnað sinn eftir að hann tapaði málinu. Þau málaferli stóðu í 16 mánuði eða fram að alþingiskosningum 2013 þegar ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og Bjarna Benediktssonar tók við og alger vatnaskil urðu við lausn þess bráðavanda sem hagkerfið stóð frammi fyrir.

Í september 2012 leyfir Seðlabankinn erlendum kröfuhöfum að færa gjaldeyri að andvirði 300 milljarðar króna út fyrir gjaldeyrishöftin og inn á reikninga sína erlendis. Íslensk fyrirtæki eða almennigur, sem börðust í bökkum á þessum tíma og þurftu að hafa sig öll við í að búa til þennan gjaldeyri með viðskiptaafgangi, fengu engar slíkar undanþágur. En þá gerist það í október að greiningardeild Arion og fleiri vakna til lífsins og umræða um mistök Seðlabankans ratar upp á yfirborðið. Ég skrifaði grein um málið í september og var strax boðaður á fund viðskipta- og efnahagsnefndar en formaður nefndarinnar og samflokksmaður Más, Helgi Hjörvar, bauð sérstaklega fulltrúum kröfuhafa að vera á þeim fundi, öðrum nefndarmönnum að övrum, og er það vafalaust einsdæmi



Már Guðmundsson var seðlabankastjóri á árunum 2009 til 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGURARI

Þegar lykilákvæðanir eru skoðaðar sést að Seðlabankinn klikkaði og þegar hann brást við var það alltof seint og með tilheyrandi kostnaði.

að löbbýistar hafi haft svo greiðan aðgang að þjóðþingi.

Már Guðmundsson heldur því fram að vatnaskil hafi orðið 2015. Það er ekki rétt, enda sést það í stökkum væntingarvísitölu árána á eftir að ný ríkisstjórn tók við og raungerðist í hagvexti um leið og byrjað var að rétta hlut landsmanna fremur en að láta kröfuhafa ráða ferðinni.

Íslenskum hagsmunum hampað Það var ekki fyrir en forræði málsins var tekið af Seðlabankanum að hlutirnir fóru að hreyfast í rétta átt. Framkvæmdahópur um afnáms hafta á skilið allt það hrós sem hann hefur fengið. Ég vildi hins vegar ganga lengra. Þegar þrotabú Samson var tekið til gjaldþrotaskipta var stuðst við hefðbundna meðferð samkvæmt íslenskum lögum. Öllum kröfum var snúið yfir í krónur og erlendum gjaldeyri var ekki haldið utan við ferlið. Þar voru erlendir kröfuhafar lang fyrirferðarmestir, alþjóðlegir bankar, með tuga milljarða króna kröfur hver. Þetta hefði verið hreinlegasta leiðin að mínum dómi. Þá hefðu erlendir kröfuhafar setið við sama borð og Íslendingar, innan hafta og með kröfum í krónum. Talsmenn erlendu kröfuhafanna í þrotabúum bankanna reyndu hins vegar að rugla umræðuna (e. if you can't convince them, confuse them) með hjálp íslenskra almannatengla og ráðgjafa, tala um forgangskröfur og annað álíka vitlaust. Í haftakerfi á enginn að hafa forgang umfram

annan, hvað þá erlendir aðilar umfram innlenda.

Mér finnst óskiljanlegt að Seðlabankinn skyldi viðhafa annan málflutning. Þú ferð aldrei inn í samningaviðræður með það að markmiði að tapa. Forsvarsmenn Seðlabankans náguðust hins vegar alltaf málið þannig að þeir væru að lágmarka tjónið, frekar en að hámarka heimturnar. Það var ekki í takt við íslenska hagsmuni og því eðlilegt að velja því fyrir sér hvort bankinn hafi verið að gæta þeirra eins og bók Sigurðar Más veltir upp.

Eins er óskiljanlegt að Seðlabankinn skuli ekki hafa bannað bein samskipti kröfuhafa við sérfræðinga bankans. Í samningaviðræðum ber að velja samningamenn og alls ekki leyfa mótaðila að komast inn fyrir þá forystu. Það gerði hins vegar Seðlabankinn. Þessi mistök rugluðu umræðuna og töfðu að mál yrðu til lykta leidd.

Undirlægjuháttur gagnvart erlendum fjármálaöflum var mikill. Kröfuhafar voru að meginuppistöðu erlendir hrægammastjóðir, skemmri tíma fjárfestar sem koma ekki að uppbyggingu til lengri tíma, heldur eru einungis að reyna að taka snúning á óvönnum mótaðilum. Þó að slíkir aðilar ráði sér nafntogada ráðgjafa þá breytir það engu um fyrirætlanir þeirra. Það var dómgerindarleysi Más að sjá ekki hvers kyns var.

Seðlabankinn klárar ekki samstundis gjaldeyrisútboð

Þegar hingad er komið og málin eru komin úr höndum Seðlabankans gengur aflétting hafta, með tilheyrandi uppgjöri við kröfuhafa, frekar hratt fyrir sig. Seðlabankinn fékk þó eitt mikilvægt hlutverk, að halda gjaldeyrisútboð til að aflétta snjóhengju sem hékk yfir krónumarkaðnum. Það voru krónur sem erlendir aðilar áttu, óháð kröfum í þrotabú bankanna. Seðlabankinn hafði haldið reglulega gjaldeyrisútboð í kringum svokallaða fjárfestingarleid frá árinu 2011 til ársins

Seðlabankinn hyglaði kerfisbundið erlendum kröfuhöfum á kostnað íslensks almennings með ráðleggingum sínum. Það er nokkuð sem Már þarf að svara fyrir.

2015 en nú var komið að síðasta gjaldeyrisútboðinu. Nauðsynlegt var að ljúka útboðinu áður en að höftum yrði að fullu aflétt. Á einhvern óskiljanlegan hátt dró Seðlabankinn það hins vegar í meira en ár, með tilheyrandi kostnaði fyrir samfélagið. Beinn kostnaður, því krónan styrktist umtalsvert frá sumri 2015 til ágúst 2016, eru tugir milljarða króna. Þetta verður Már að svara fyrir. Hann ber því við að forskriftin að síðasta útboðinu hafi verið of flókin. Hvers vegna hélt hann þá ekki einfaldara útboð strax, líkt og gert var á endanum, þá ári of seint?

Á Alþingi og víðar var óskað eftir skýrslu frá Seðlabankanum um fjárfestingarleiðina og gjaldeyrisútboðin. Það tók Seðlabankann meira en þrjú ár að ljúka henni, heilar 20 blaðsíður að meginmáli.

Að breyta rétt

Bók Sigurðar Más Jónssonar er ekki fullkomin, ekki frekar en önnur mannanna verk, þótt hún gefi ágæta yfirsýn á atburðarásina. Í bókinni er ég kynntur til sögunnar sem aðili sem langaði að koma af stað brunaútsölu á eignum þrotabúanna. Það er fráleitt kynning enda hafði ég engar slíkar fyrirætlanir og hvað þá fjármagn til slíks. Ég ber hins vegar hag landsins fyrir brjósti og því rann mér blóðið til skyldunnar. Ég reyndi eins og ég gat að hjálpa en Lee Buchheit kom til landsins fyrir minn atbeina og ég kynnti hann fyrir stjórnkerfinu og stjórnmalamönnum í desember

2008 en, Cleary Gottlieb þar sem Buchheit vinnur, var lögmannsstofa fjármálafyrirtækis sem ég stofnaði ásamt öðrum í New York upp úr aldamótum. Sigmundur Davíð barðist sérstaklega fyrir því að Buchheit yrði ráðinn til að verja hagsmuni Íslands en einnig til dæmis Guðfríður Lilja Grétarsdóttir hjá VG og Sigurður Kári Kristjánsson hjá Sjálfstæðisflokknum. Ég flutti fleiri til landsins, svo sem yfirmann kröfuhafa Argentínu í tvígang og hélt með honum ráðstefnu og kom á fundum í stjórnkerfinu. Ég fór á fund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington í nóvember 2012 til að leiðrétta þær tölur sem Seðlabankinn hafði haldið að þeim og komu fram í ritinu *Hvað skuldar þjóðin* en í þeirri ferð festist ég í viku í New York þegar fellibylurinn Sandy gekk yfir. Á sama tíma stóð Már í málaferlum við Seðlabankann. Allir þessir erlendu aðilar tóku umleitunum mínum vel og skildu að Ísland þyrfti hjálp reynslumikilla aðila til að koma landinu út úr höftum. Ímynd og orðspor Íslands er nefnilega mjög gott alþjóðlega þó að einhverjir samlandar okkar, einkum í háskólasamfélaginu, þreytist ekki á því að halda öðru fram. Ég keypti kröfur á föllnu bankana og réð hinn frábæra lögmenn Reimar Pétursson til að reka málin við að setja bankana endanlega í þrot. Allan kostnað í kringum þetta bar ég sjálfur.

Már Guðmundsson segir í skrifunum sínum að Seðlabankinn hefði átt að hafa stærra hlutverk, ef eitthvað var. Það er algerlega andstætt sögunni og þeim ófaglegu vinnubrögðum sem hann stundaði. Þegar lykilákvæðanir eru skoðaðar sést að Seðlabankinn klikkaði og þegar hann brást við var það alltof seint og með tilheyrandi kostnaði. Við upprifjun á þessu langa ferli kemur í raun á óvart hve kerfisbundið Seðlabankinn tók ranga stefnu og ákvarðanir. Þar var einn maður sem réði ferðinni, frá upphafi til enda.

Aðstoðar við að sigla í örugga höfn

Svipmynd

Höskuldur Eiríksson

Nám:

- Grunnskólinn í Hveragerði
- Hagaskóli
- MR
- HÍ – Lagadeild, útskrifaður 2006
- University College London (UCL) – LL.M in International Banking & Finance 2011

Störf:

- Logos lögmansþjónusta – 2006/07
- Viking Stavanger – atvinnu- maður í knattspyrnu 2007
- BBA Legal – 2007-2019
- KPMG Lögmenn 2019-

Fjölskylduhagir:

Eiginkona – Freyja Jónsdóttir, klínískur lyfjafræðingur á Landspítala og lektor við HÍ. Saman eignum við 5 börn. Þau eru: Ragnheiður Vala, f. 2005
Hildur Eva, f. 2007
Jóel, f. 2009
Regína, f. 2015
Daniél, f. 2018

Höskuldur Eiríksson, einn eigenda KPMG Lögmanna, segir að þegar hann hóf störf á lögmansstofunni hafi fáir vitað að hún væri á meðal fimm stærstu lögmansstofa landsins. Hann gekk til liðs við KPMG Lögmenn undir lok síðasta árs og hefur eitt helsta verkefnið verið að vekja athygli á að um sé að ræða sjálfstæða lögmansstofu, aðskilda frá KPMG.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Börnin mín og það sem þau eru að fást við eru mitt helsta áhugamál og eiginlega eina áhugamálið sem ég hef tíma fyrir. Annars hef ég mjög gaman af fótbolta og reyni að horfa á leiki í ensku úrvalsdeildinni þegar ég get.



Höskuldur Eiríksson segir að tækifæri í rekstri KPMG Lögmanna séu mörg. Framundan sé fjárhagsleg endurskipulagning nokkurs fjölda fyrirtækja og hjá öðrum sé uppsöfnuð fjárfestingaþörf. FRÉTTAHLAÐIÐ/VALLI

Nærðu að halda jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs?

Já, það gengur bara nokkuð vel að halda jafnvægi þarna á milli. Ég og Freyja, eiginkona mín, höfum náð að skipuleggja okkur þannig að þetta virðist allt ganga ágætlega.

Hvernig er morgunrútinan þín?

Við höfum ekki stillt vekjarklukkunokkuð lengi og vöknunum bara þegar yngsti sonurinn, sem verður tveggja ára í september, dregur annað okkar fram úr rúminu en það er oftast fyrir klukkan 7 á morgnana. Við skiptumst á að fara fram úr með honum og það okkar sem vaknar með honum vekur

svo hitt um klukkan 7.30 með því að koma með kaffi upp í rúm. Svo ræsum við restina og sjáum til þess að allir komist í skóla, leikskóla og dagvistun á réttum tíma. Ég er svo mættur á skrifstofuna um klukkan 9.

Hverjar hafa verið helstu áskoranirnar í rekstri KPMG Lögmanna á undanförunum misserum?

Stofan er nokkuð ung en hún var stofnuð árið 2018. Ég gekk til liðs við hana undir lok síðasta árs og fyrir mína parta hefur helsta verkefnið verið að vekja athygli á því annars vegar að við erum sjálfstæð lögmansstofa, aðskilin frá KPMG ehf., þótt við séum oft í nánu og mjög

góðu samstarfi við KPMG og hins vegar að upplýsa fólk um hversu öflugt og viðtækt þjónustuframboð stofunnar er. Þegar ég kom fyrst hingað, þá hitti maður ekki marga utan KPMG sem vissu af því að hér væri starfrækt sérstök lögmansstofa. Enn færri vissu af því að hún er líklega á meðal fimm stærstu lögmansstofa landsins og jafnframt alþjóðleg lögmansstofa með um það bil 3.000 lögmenn í 79 löndum. Flestir virðast líka tengja vörumerki KPMG einna helst við skatta og endurskoðun en staðreyndin er sú að þótt við séum líklega með helstu sérfræðinga landsins í innlendum

Þegar ég kom fyrst hingað, þá hitti maður ekki marga utan KPMG sem vissu af því að hér væri starfrækt sérstök lögmansstofa.

og alþjóðlegum skattarétti, þá erum við líka með gríðarlega öflugra lögmenn, lögfræðinga og aðra sérfræðinga, sem veita ráðgjöf á mjög breiðum grundvelli. Hér eru til að mynda öflug teymi sem sérhæfa sig í fjármögnun fyrirtækja, kaupum og sölum fyrirtækja, félagarétti og gerð ýmiss konar viðskiptasamninga, svo dæmi séu nefnd.

Hvaða áskoranir eru fram undan?

Það felast auðvitað heilmiklar áskoranir í því að fylgja viðskiptavinum okkar í gegnum þennan óvissutíma sem leiðir af COVID-19 faraldrinum. Það sem ég tel að við þurfum helst að gera, er að fylgjast vel með því sem er að gerast, meðal annars þeim úrræðum sem ríkisstjórnin er að bjóða upp á, og vera tilbúin að svara þeim spurningum sem viðskiptavinir okkar hafa og aðstoða þá við að reyna að sigla í örugga höfn úr þessum ólgusjó.

Hvernig er rekstrarumhverfið að taka breytingum og hvaða tækifæri felast í breytingunum?

Undanfarið virðist sem fjárfestingar fyrirtækja og útlán banka til þeirra hafi verið í minni kantinum. Flestir virðast hafa verið að halda að sér höndum og reyna að bida af sér óvissuna. Það mun svo koma að því að það rofar til og þá hugsa ég að það verði töluvert um fjárhagslega endurskipulagningu, hugsanlega nauðasamninga og hjá sumum gjaldþrot. Hjá öðrum verður uppsöfnuð fjárfestingaþörf sem þarf að fullnægja og í öllum þessum tilvikum er nauðsynlegt að fá vandaða ráðgjöf. Tækifærin eru því mörg.

Umhverfið og fjárfestingar í eina sæng



Helga Melkorka Óttarsdóttir eigandi á LOGOS og lögmaður



Arnar Sveinn Harðarson fulltrúi á LOGOS

að fjárfestingar verði markaðssettar sem grænar án þess að vera það í raun. Kerfið skapar grundvöll sem aðgerðir og stjórnæki sambandsins, aðildarríkja þess og EFTA-ríkjana eiga að byggja á. Þannig munu t.d. staðlar ESB fyrir græn skuldabréf og nýtt umhverfismerki ESB fyrir fjármálaafurðir byggja á flokkunarkerfi reglugerðarinnar.

Viðmið fyrir umhverfissjálfbæra atvinnustarfsemi

Atvinnustarfsemi er umhverfissjálfbær í skilningi flokkunarreglugerðarinnar þegar hún samræmist ferns konar viðmiðum.

Í fyrsta lagi þarf hún að styðja verulega við eitt eða fleiri af sex sérstaklega skilgreindum umhverfismarkmiðum: (a) mótvægisáðgerðum gegn loftslagsbreytingum, (b) aðlögun að loftslagsbreytingum, (c) sjálfbærri notkun og vernd vatns og sjávarauðlinda, (d) skiptum í hringrásarhagkerfi, (e) mengunarvörnum og -stýringu og (f) vernd og endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika og vistkerfa. Umhverfismarkmiðin eru tæmandi talin og fjárfesting getur ekki verið umhverfissjálfbær ef undirliggjandi starfsemi styður ekki verulega við a.m.k. eitt þessara markmiða. Þannig dugur ekki að atvinnustarfsemi stuðli t.d. að varðveislu snoturs landslags ef umhverfismarkmiðin sex koma ekki við sögu. Atvinnustarfsemi sem gerir annarri atvinnustarfsemi kleift að styðja við umhverfismarkmiðin fullnægir þessu skilyrði. Til skýringar má taka framleiðslu á vindmylluspöðum sem dæmi. Slík atvinnustarfsemi uppfyllir fyrsta skilyrðið með því að gera þeim sem rekur vindmyllugarð kleift að styðja verulega við umhverfismarkmið (a),

Flokkunarkerfið

Atvinnustarfsemi er umhverfissjálfbær þegar hún:

- styður verulega við eða gerir annarri atvinnustarfsemi kleift að styðja við eitt eða fleiri eftirfarandi umhverfismarkmiða:
 - mótvægi gegn loftslagsbreytingum
 - aðlögun að loftslagsbreytingum
 - sjálfbær notkun og vernd vatns og sjávarauðlinda
 - skipti yfir í hringrásarhagkerfi
 - mengunarvarnir og -stýring
 - vernd og endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika,
- veldur ekki umtalsverðu tjóni á öðru umhverfismarkmiði,
- samræmist lágmarkskröfum tiltekinna alþjóðlegra reglna og staðla og
- fullnægir tæknilegum viðmiðunarreglum

þrátt fyrir að koltvísýringur losni í sjálfru framleiðsluferlinu.

Í öðru lagi má atvinnustarfsemin ekki valda umtalsverðu tjóni á umhverfismarkmiðunum. Sem dæmi má nefna fyrirtæki sem hyggst byggja og reka vatnsaflsvirkjun sem framleiðir orku úr endurnýjanlegum orkugjafa en eyðileggur jafnframt mikilvægt búsvæði dýrategundar vegna uppistöðulóns. Þrátt fyrir að slík atvinnustarfsemi geti komið í veg fyrir losun gróðurhúsalofttegunda væri hún ekki umhverfissjálfbær þar sem hún bryti í bága við umhverfismarkmið um vernd og endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika og vistkerfa.

Atvinnustarfsemi þarf í þriðja lagi að stunda í samræmi við lág-

markskröfur tiltekinna alþjóðlegra reglna og staðla. Þriðja viðmiðið tryggir að engin atvinnustarfsemi verði talin umhverfissjálfbær án þess að virtar séu reglur um stjórnunarhætti fyrirtækja, mannréttindi og önnur félagsleg réttindi.

Loks þarf atvinnustarfsemi í fjórða lagi að fullnægja kröfum sem framkvæmdastjórn ESB setur í þar til gerðum tæknilegum viðmiðunarreglum.

Eðli málsins samkvæmt getur sama fyrirtækið stundað margs konar atvinnustarfsemi, bæði umhverfissjálfbæra og ekki. Umhverfissjálfbærni fjárfestingar miðar við hlutfall hinnar umhverfissjálfbæru starfsemi af heildarstarfsemi fyrirtækisins sem fjárfest er í. Flokkunarkerfið nýtist því ekki einungis til að meta hvort atvinnustarfsemi er umhverfissjálfbær heldur einnig hversu umhverfissjálfbær fjárfesting er.

Upplýsingaskylda

Auk þess að setja upp flokkunarkerfi gerir sambandið kröfur um gagnsæi og birtingu upplýsinga í flokkunarreglugerðinni. Þátttakendur á fjármálamarkaði sem bjóða upp á sjálfbærar fjárfestingar eða hvernig við umhverfismarkmið fjárfestingin styður við og hvernig og að hve miklu leyti það er gert. Athygli vekur að þegar búið er upp á fjármálaafurðir sem eru hvorki sjálfbærar né styðja við umhverfið verður að birta sérstaka yfirlýsingu um að ekki sé tekið tillit til viðmiða flokkunarkerfisins. Kröfur reglugerðarinnar um birtingu upplýsinga ná þ.a.l. til allra þeirra sem bjóða upp á fjármálaafurðir.

Samstilltir hagsmunir einkaaðila og umhverfisins

ESB vill stuðla að sjálfbærum fjármálum t.a. með því að stilla hagsmuni einkaaðila saman við hagsmuni umhverfisins. Með flokkunarkerfinu hefur sambandið slegið þrjár flugur í einu höggi hvað þetta varðar. Flokkunarreglugerðin einfaldar endafjárfestum að bera fjárfestingar saman eftir sjálfbærni þeirra og hvetur þá til að velja vistvæna fjárfestingu fram yfir fjárfestingu sem er það ekki, þótt þær séu að öðru leyti sambærilegar. Aukið traust og eftirspurn endafjárfesta eftir sjálfbærum fjárfestingum gefur þátttakendum á fjármálamarkaði tilfelli til að setja fjármálaafurðir umhverfissjálfbæra fyrirtækja í eignasöfn sín. Af framangreindu leiðir að félög sem reka umhverfissjálfbæra atvinnustarfsemi eiga auðveldara með að fjármagna sig, sem hvetur önnur félög til að gera starfsemi sína umhverfissjálfbæra. Félög á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins munu þurfa að huga að skilyrðum flokkunarreglugerðarinnar og hún kemur þannig til með að hafa viðtæk áhrif út fyrir fjármálageirann.

Flokkunarkerfið er sagt vera lykilskefni átt að markmiði ESB um kolefnishlutleysi fyrir árið 2050 og mikilvægasta og brýnasta aðgerðin í aðgerðaáætlun ESB á sviði sjálfbærra fjármála. Reglugerðin mun að óbreyttu gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og því er viðbúið að hún muni hafa töluvert áhrif á íslenskt atvinnulíf. Fyrirtæki héraðsins hafa fulla ástæðu til að kynna sér efni og áhrif flokkunarkerfisins og stöðuga framþróun sjálfbærra fjármála innan ESB.

Skotsilfur



Í sama farið

Það er erfitt að handstýra markaðnum, eins og Samkeppniseftirlitið, undir forystu Páls Gunnars Pássonar, hefur komist að raun um. Eftirlitið taldi fyrir tveimur árum mikilvægt að tiltekna verslanir sem voru í eigu Haga yrðu seldar til allra annarra en Festar til að auka samkeppni. Úr varð að nýtt fyrirtæki keypti þrjár verslanir af Högum í höfuðborginni. Fljótlega varð að loka tveimur þeirra vegna rekstrarvanda. Nú er svo komið að Samkeppniseftirlitið hefur samþykkt að Festi kaupi þriðju verslunina enda myndi henni ella verða lokað. Afskiptasemin borgaði sig ekki.



Horft í spegil

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að vonandi muni bankar sjá tækifæri til að styðja við vöxt nýsköpunarfyrirtækja, eins og raunin var með Marel og Össur, á næsta áratug. Það er til mikils að vinna. Sigurður verður ekki í miklum vandræðum með að koma þessum skilaboðum á framfæri. Hann er stjórnarformaður Kviku banka og á því hægt um vik að ræða málið í þau við stjórn og forstjóra bankans.




Í stjórn GAMMA

Breytingar voru gerðar á stjórn GAMMA, dótturfélags Kviku banka, á hluthafafundi félagsins í lok síðasta mánaðar og hefur **Einar Hugi Bjarnason**, hæstaréttarlögmaður hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur, tekið við sem stjórnarformaður í stað **Andra Vilhjálmssonar** sem hverfur úr stjórninni. Hið sama á við um Hlíf Sturludóttur en í hennar stað kemur í stjórnina Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs Samtaka iðnaðarins og sömuleiðis stjórnarmaður í Júpiter rekstrarfélagi sem er sömuleiðis í eigu Kviku banka.



ESB rannsakar samkeppnisbrot Apple



Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur hafið tvær rannsóknir á samkeppnisbrotum Apple. Annars vegar tengt App Store og hins vegar Apple Pay. Seljendur, sem eiga í samkeppni við Apple eins og til dæmis Spotify og Kobo, hafa kvartað yfir háum þóknunum hjá App Store. ESB segir að viðskiptavinir verði að selja í gegnum App Pay sem geri það að verkum að Apple stjórni algerlega viðskiptasambandinu. MYND/EPRA

Öryggispúðar og áhættufælni



Krístrún Frostadóttir, aðalhaf fræðingur Kviku banka

Umræða á sér nú stað í Bandaríkjunum um árangur efnahagsaðgerða yfirvalda á tímum COVID hingað til. Ráðist var í tiltölulega almennar aðgerðir; atvinnuleysistryggingar styrktar, ávisanir sendar til fólks og fyrirtækjum auðveldað að nálgast fjármagn. Milliliðum var falið að koma fjármagninu í umferð og heimilum frjálst að eyða ávísunum frá ríkinu eftir hentiseini.

Fyrstu vísbendingar benda til þess að fjármagnnið hafi mögulega ekki margfaldast í neyslu og fjárfestingu sem skyldi. Í óvissuum hverfi hugsar hver um sig. Þá er rökrétt að einstaklingur ákveði að spara ávísunina frá ríkinu og fjármálastofnanir veiti aðeins hluta af lausu fjármagnni áfram til fyrirtækja. Í Bandaríkjunum má því sjá merki um að „fjármagns-

púðar“ séu farnir að byggjast upp í kerfinu. Lausafé sem þarlendir bankar geyma umfram skyldur í Seðlabankanum tvöfaldaðist frá febrúar til apríl. Hagfræðingurinn Joseph Stiglitz líkir þessu við lausafjargildru, þar sem nægt lausafé er í kerfinu en lítill vilji til að virkja það. Bankar geta nefnilega „sparað“ líkt og áhættufælinn einstaklingur sem situr á lágvaxta innlánnum.

Hérlendis var lokað á möguleika bankanna til að geyma lausafé á 30 daga reikningum í Seðlabankanum samhliða vaxtalækkun og rýmkun á lausafjárreglum. Vonin var sú að fækkun öruggra fjárfestingakosta myndi leiða til áhættutöku og lánveitinga með umfram lausafé. Tölur síðustu vikna sýna hins vegar að lítill umfram lánvilji er til staðar.

Ríkissjóður hefur tekið 130 milljarða króna að láni frá febrúarlökum. Bankarnir hafa á sama tíma fjárfest í ríkispappírnum, mestmegnis víxlum, fyrir 115 milljarða. Fjármálastofnanir færðu einfaldlega fjármagnnið sem sat í Seðlabankanum til ríkisins. Bankarnir eiga nú um 20% af skuldum ríkissjóðs í krónum og tvo þriðju af ríkisvíxlum. Aldrei hefur þetta hlutfall verið jafn hátt en hlutfallið hefur yfirleitt sveiflast á bilinu 3-5% fyrir skuldir ríkissjóðs í krónum. Eins og

sakir standa treysta bankarnir ríkinu betur til að ráðstafa lausafénu, enda öruggur skuldunautur.

Vel má vera að um tímabundið ástand sé að ræða, en umrætt tímabil skiptir máli. Fjármagn vantaði, og vantar enn, sérstaklega til fyrirtækja. Ný fyrirtækjaútlán voru 200 milljónir í apríl. Ætla má að heildartekjur í ferðaþjónustu og verslun og þjónustu séu um 20 milljarðar á mánuði en fyrirtæki í þessum atvinnugreinum fundu mörg hver fyrir 75% tekjutapi eða meira í mars og apríl. Enn sem komið er virðist takmarkaður vilji til að ganga á „fjármagnspúðana“ til að fleyta fyrirtækjunum yfir versta hjallann. Þá hafa mörg fyrirtæki ekki getu eða áhuga á að skuldsetja sig út úr ástandinu.

Hjá fyrirtækjum og heimilum hafa innlán vaxið í krónum talið en sem hlutfall af landsframleiðslu er takmarkaða breytingu að sjá. Það er eðlilegt að innlán vaxi í takt við hagvöxt og því ekki augljóst að óeðlilega miklum upphæðum sé safnað enn sem komið er. Vissulega er vaxtastig lágt en óvissa er líka mikil, sem þýðir að fæstum þykir sjálfsagt að teygja sig í áhættu fyrir ávöxtun. Líklegra er að vaxtalækkunir leiði fólk til aukinna fjárfestinga á fasteignamarkaði og „heimilispúði“

gæti þannig byggst upp á fasteignamarkaði á næstu mánuðum.

Þó hækkandi fasteignaverð geti skapað auðsáhrif sem hafa áhrif á neyslu fólks og ríkið þurfi að fjármagna skuldir sínar var það varla útgangspunktur hagstjórnaðgerða að skapa eftirspurn með hækkandi fasteignaverði og bankafjármögnun á ríkissjóði. Hugmyndin var að Seðlabankinn myndi kaupa hluta af ríkisskuldum á eftirmarkaði svo fjármálastofnanir hefðu nægt lausafé til að sinna beinum lánveitingum til einkaaðila. Áhættufælni í kerfinu kemur hins vegar í veg fyrir að fjármagn miðlist samkvæmt bókinni og hefur umfram lausafé bankanna að miklu leyti verið veitt áfram til ríkissjóðs til útdeilingar. Seðlabankinn hefur því lítið þurft að stíga inn. Hættan er sú að lánastofnanir kjósi að fjármagna fyrst og fremst húsnæðislán sem veita örugg veð og fjármagn sitji því í fasteignum og til skamms tíma hjá ríkinu. Minna fjármagn fer þá í framboðshlið hagkerfisins, en meira í að verja eignaverð og eftirspurnina með tilheyrandi þrýstingi á verðlag. Tíma og peningum er sóað með því að fara í kringum hlutina, í stað þess að ráðast á rót vandans með beinum inngripum og reyna að rjúfa víthring áhættufælninnar.

Síðasti dans verðtryggingarinnar

RÁÐDEILDIN

Konráð Guðjónsson
hagfræðingur
Viðskiptaráðs



Á þessum vettvangi var nýlega fjallað um hvernig skuldavandi heimila er ekki sjálfstætt vandamál í þeirri kreppu sem nú ríður yfir samanborið við þá síðustu, ólíkt því sem margir halda fram. Angi af þessu er sú útbreidda skoðun að verðtryggingin sé sjálfstætt vandamál.

Færa má rök fyrir því að verðtryggð neytendalán hafi ýmsa ókosti en burtséð frá skodunum


16

milljörðum námu ný óverðtryggð lán til heimila í apríl.

fólks er staðreyndin sú að verðtryggingin er á sífellt hraðara undanhaldi. Í fyrsta lagi hafa sú þróun átt sér stað hægt og bitandi síðastliðinn áratug með tilkomu óverðtryggðra íbúðalána. Í öðru lagi eru vextir sögulega lágir sem gerir óverðtryggð lán eftirsóknarverðari, einkum þar sem munurinn á óverðtryggðum og verðtryggðum vöxtum er fremur lítill og oft minni

Ný útlán viðskiptabankanna til heimila
M.kr. að frádregnum uppgreiðslum

■ Óverðtryggð ■ Verðtryggð ■ Önnur



» Þó að verðtryggingin hafi sína kosti munu fáir sakna hennar.

en sem nemur verðbólgu. Í þriðja lagi sýna nýjustu tölur um lántöku heimilanna að þau færa sig yfir í óverðtryggð lán, ekki hvað síst í apríl síðastliðnum en síðan þá hafa vextir lækkað enn meira.

Þó að verðtryggingin hafi einnig sína kosti munu fáir sakna hennar. Þegar síðasta dansi hennar lýkur verður vonandi hægt að færa umræðu um íslensk efnahagsmál upp á næsta plan.

Ennþá meira úrval af listavörum

WorkPlus
Strigar frá kr. 195



kolibri®

Kolibri trönur
í miklu úrvali, gæða-
vara á góðu verði

Kolibri penslar
Handgerðir þýskir penslar
í hæsta gæðaflokki
á afar hagstæðu verði



AMSTERDAM
dream - create

van Gogh
The Quality Brand

REMBRANDT
The Professional Choice



Listverslun.is



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

SKOÐUN

Helgi Vífill
Júlíusson



Hugsað með Frank Zappa

Frank Zappa tónlistarmaður sagði að framfarir væru ekki mögulegar án þess að hvíka frá norminu. Það er einmitt verkefnið fram undan, að gæta þess að við festumst ekki í sama farinu heldur vinnum markvisst að umbótum til að efla velferð og hagsæld landsmanna.

Verkefnið er ærið: Samtök iðnaðarins telja að skapa þurfi 60 þúsund störf á næstu þremur áratugum til að mæta fólksfjölgun og draga úr atvinnuleysi. Ekki verður gengið frekar á auðlindir náttúrunnar til að skapa þau störf. Af þeim sökum þurfa þau að byggja á hugviti.

Vonandi mun niðursveiflan leiða til þess að rót komi á vinnu- markaðinn og skapandi kraftar eyðileggingar, svo leitað sé í smiðju austurríska hagfræðingsins Joseph Schumpeter, leiði til þess að ný álitleg tæknifyrirtæki nái góðri fötfestu.

Því miður vakti Viðskiptaráð athygli á því í gær að samkeppnishæfni landsins hefði stadið í stað á undanförunum árum. Samkvæmt athugun viðskiptaháskólans IDM í Sviss vermir Ísland 21. sæti listans, mitt á milli Kína og Nýja-Sjálands.

Það dugar því ekki að sitja með hendur í skauti og vona það besta. Ísland mun ekki ná árangri ef samkeppnishæfni skortir. Við búum á fámennri eyju sem gerir það að verkum að við verðum að skapa atvinnulífina enn betri skilyrði en aðra þjóðir. Rannsóknir sýna að framleiðni Bandaríkjamanna sem búa í borgum með fleiri en milljón sé 50 prósent meiri en þeirra sem búa annars staðar. Það kann að hljóma ósanngjarnt en Ísland þarf að vera í stakk búið til að keppa við erlendar stórborgir. Annars drögumst við aftur úr lífsgæðum.

Stór þáttur á þessari vegferð, að bæta umgjörðina, er breytt hugarfar. Of margir Íslendingar líta á atvinnulífið sömu augum og Loka í norrænni goðafræði. Honum var ekki treystandi. Þess vegna eru of margir ekki reiðubúnir að samþykkja nauðsynlegar breytingar, eins og lægri skatta og semja um skynsamlegar launahækkningar. Það er af og frá að sömu lögmál eigi við um atvinnulífið og Loka. Atvinnulífið er grunnurinn að velferð og lífsgæðum í öllum heiminum.

Launþegahreyfingin verður að horfast í augu við það að ekki er linnulaust hægt að hækka laun umfram verðmætasköpun. Það er skólábókardæmi um það hvernig samkeppnishæfni er förnað án þess að neitt annað verði áunnið – nema kannski að fleiri flytji til hlýrri landa.

Verðmat fjórðungi hærra en markaðsgengi

Verðmatsgengi Jakobsson Capital á Kviku banka er um fjórðungi hærra en markaðsvirði hlutabréfanna, eða 11,5 krónur á hlut. Verðmatið hækkaði um 13 prósent frá fyrra mati í apríl. Hærra verðmat má einkum rekja til endurskoðaðrar rekstraráætlunar en einnig til þess að eiginfjárfarar hefur lækkað samhliða lægri vöxtum.

Afkoman var umfram væntingar Jak-



Marinó Örn Tryggvason, forstjóri Kviku

obsson á fyrsta fjórðungi. Grunnreksturinn var sterkari en væntingar stóðu til og tap á verðbréfastöðum minna.

Kvika er ekki alhliða viðskiptabanki og aðeins 26 prósent af efnahagsreikningi bankans eru útlán. Um 41 prósent efnahagsreiknings er í handbæru fé og innstæðum. „Covid faraldurinn hefur því minni áhrif á efnahagsreikning Kviku en viðskiptabankanna,“ segir í verðmatinu. – hvj

11.06.2020

Ef stjórnvöld beita sér ekki fyrir frystingu og niðurfellingu vaxta í 12-24 mánuði, munu bankar hægt og hljótt eignast allar fjármagnspungar eignir í ferðapjónustunni.

Kristófer Oliverson, formaður Fyrirtækja í hótél- og gistinguþjónustu.



Bókhald & laun

Enginn tími fyrir bókhaldið?

Með nýjum rafrænum lausnum sjáum við um bókhald þitt á einfaldan og öruggan hátt meðan þú sinnir rekstrinum og hefur góða yfirsýn yfir stöðuna.

Taktu skrefið inn í framtíðina með okkur, útvistaðu bókhaldinu og njóttu þess að hafa meiri tíma fyrir þig.

Sjá nánar á www.pwc.is/bokhald

PwC | Bókhald & laun | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsóllur | Vestmannaeyjar